

Grímsnes-og Grafningshreppur

**Rebekka Rut Ingvarsdóttir**

Borg

801 Selfoss

Reykjavík, 24. júlí 2024

UST202407-215/E.S.F.

10.04.03

## **Efni: Lýsing - Deiliskipulag Hallkelshólar lóð L168514 - Fiskeldi - Grímsnes - og Grafningshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes-og Grafningshrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir fiskeldi að Hallkelshólum (lóð L168514) í Grímsnes-og Grafningshreppi.

Í skipulagslýsingu kemur fram að heildarstærð deiliskipulagssvæðis er um 14 ha. Leyfi er fyrir allt að 135 tonna framleiðslu á laxaseiðum með 100 tonna hámarkslífsmassa.

Auk þess kemur fram að svæðið er þegar byggt og fyrirhugaðar eru viðbætur og viðhald mannvirkja fyrir starfsemi fiskeldis. Markmið deiliskipulagsins er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins til framtíðar, m.a. með afmörkun byggingarreita, bílastæða og aðkomu eftir því sem við á. Einnig að nánar verði fjallað um vatnstöku og fráveitumál í deiliskipulagi. Settar verði fram mótvægisaðgerðir vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa og skilmálar settir um umfang, útlit og yfirbragð mannvirkja.

Í skipulagslýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði I13 í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

### **Fráveita og úrgangur frá fiskeldi**

Í greinagerð aðalskipulags kemur fram að gera skuli grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslum þeirra í deiliskipulagi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að eðli hreinsivirkis komi fram, að útrás fráveitu sé sýnd á uppdrætti og hún sé innan skipulagssvæðis.

Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 25.1 reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp segir að iðnaðarstarfsemi, sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu, er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi. Hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Frárennsli frá fiskeldisstöðvum skal mælt og hreinsað áður en það er losað í viðtaka. Kröfur hreinsunar fara eftir eðli starfseminnar og ástandi viðtaka.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að einn liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum var að banna urðun á lífrænum og lífbrjótanlegum úrgangi hér á landi frá

árinu 2023 og á það að leiða til þess að slíkur úrgangur verði endurunninn og nýttur að svo miklu leiti sem mögulegt er.<sup>1</sup> Umhverfisstofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefnis/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.<sup>2</sup> Úrgangur sem fellur til við starfsemina skal meðhöndlaður í samræmi við markmið laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## Áhrif á vatn

Svæðið sem starfsemin er á tilheyrir vatnshlotinu Lyngdalsheiði sem hefur númerið 104-305-G. Í ákvörðun um matsskyldu frá Skipulagsstofnun kemur fram að viðtaki frárennslis frá eldinu sé straumvatnshlotið Höskuldslækur 2 (vatnshlotanúmer 103-844-R) sem er með skilgreint álag vegna fráveitu frá núverandi fiskeldi. Í starfsleyfi verður gerð krafa um að rekstraraðili vakti helstu umhverfisþætti í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásir frárennslis í samræmi við umfang losunar í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laganna segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.<sup>3</sup>

## Fuglar

Umhverfisstofnun bendir á, líkt og fram kemur fram í skipulagslýsingunni að svæðið sem deiliskipulagið nær yfir er innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Suðurlandsundirlendi (VOT-S-3).<sup>4</sup> Skv. vistgerðakorti NÍ er í námunda við skipulagssvæðið votlendi og þar finnast vistgerðir með hátt verndargildi, líkt og lyngmóavist á láglandi og starungsmýravist. Þessar vistgerðir einkennast af ríku fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur, hrossagaukur, heiðlóa, lóupræll og spói.<sup>5</sup> Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Stofnunin bendir einnig á að mikilvægt er að rekstraraðili fyrirbyggi að fuglar komist í æti eða úrgang frá eldinu og að

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

<sup>2</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%C3%B0beiningaskjal\\_fraveitu\\_og\\_fastefnismedhondlun\\_2020.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%C3%B0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf)

<sup>3</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

<sup>4</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

<sup>5</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

aðgerðir skuli vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

## Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er Seyðishólakraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun eða „hraunvistgerð“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði um hraunið í tillögunni að deiliskipulaginu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Auk þess þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

## Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

***sérfræðingur***

Steinar Rafn Beck Baldursson

***sérfræðingur***